

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitugjald Sveitarfélagsins Voga.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

2. gr.

Af öllum fasteignum í Sveitarfélaginu Vogum, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem fráveitulagnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins:

Fráveitugjald, íbúðir, 0,19% af fasteignamati.

Fráveitugjald, atvinnuhúsnæði, 0,19% af fasteignamati.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatta og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 30. nóvember 2016.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 261/2017.

*Vogum, 7. apríl 2017.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.